

Fundargerð 66. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2022, miðvikudaginn 8. júní kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir og Njáll Ragnarsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gauti Jóhannesson boðaði forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2021 - 2206001SU

Drög að ársreikningi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vegna ársins 2021 lögð fram til staðfestingar.

Gjaldkeri fór yfir ársreikning samtakanna vegna ársins 2021.

Stjórn staðfestir ársreikning samtakanna vegna 2021.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - vorfundur 2022 - 2206003SU

Stjórn samtakanna hefur haft áform um að halda vorfund í Grindavíkurbæ.

Ákveða þarf tímasetningu fundar í ágúst 2022.

Samþykkt að halda vorfund samtakanna í Grindavíkurbæ dagana 7.-8. september.

3. Sjávarútvegsnefnd matvælaráðuneytis- tilnefning formanns Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga í nefndina - 2206003

Óskað var eftir tilnefningu tveggja fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu. Sambandið hefur þegar tilnefnt fulltrúa í nefndina og er annar þeirra formaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

4. Sameiginleg umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Hafnasambands Íslands og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga vegna breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - 2206004SU

Lögð fram til kynningar sameiginleg umsögn sambandsins, Hafnasambands

Íslands og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003.

Lagt fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 15:25

Rebekka Hilmarsdóttir

Baldur Smári Einarsson

Fannar Jónasson

Jón Björn Hákonarson

Matthildur Ásmundardóttir

Njáll Ragnarsson